



LEIÐSAGNARNÁM KYNNING FYRIR FORELDRA

Nanna Kristín Christiansen

Hvað er leiðsagnarnám?

- Nemandinn veit hvar hann er staddur og hvert hann er að fara, og hann fær leiðsögn til að brúa bilið þar á milli
- Markmiðið er að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin námi



Forsendan er námsmenning þar sem nemendur...

hafa trú á eigin getu

vita hvernig og hvenær þeir læra

líta á mistök sem eðlilegan hluta náms

vita að heilinn í þeim eflist þegar þeir læra

læra saman og hver af öðrum

geta nýtt endurgjöf til bæta árangur sinn

upplifa væntingar frá kennurum

Þar sem leiðsagnarnám er
ríkjandi aukast framfarir í
námi og sjálfstraust nemenda
eykst jafnvel enn meira

(Shirley Clarke, 2019)




Nemendur og kennarar hafa
vaxandi hugarfar gagnvart
náminu

Með réttu hugarfari og viðeigandi
kennslu eru nemendur færir um
miklu meira en við gerum okkur
grein fyrir

(Carol S. Dweck, 2006)

Skilgreining á fastmótuðu og vaxandi hugarfari


| Fastmótað hugarfar Áhersla á frammistöðu / afrek | Vaxandi hugarfar Áhersla á nám |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Greind er fasti. Ég verð að líta út fyrir að vera klár.</p> | <p>Það er hægt að efla greind. Ég vil læra meira.</p> |
| <ul style="list-style-type: none"> • Forðast áskoranir | <ul style="list-style-type: none"> • Fagnar áskorunum |
| <ul style="list-style-type: none"> • Gefst auðveldlega upp | <ul style="list-style-type: none"> • Sýnir þrautseigju/seiglu frammi fyrir óvæntri fyrirstöðu |
| <ul style="list-style-type: none"> • Sér ekki tilgang með því að leggja sig fram | <ul style="list-style-type: none"> • Finnst það að leggja sig fram vera málið |
| <ul style="list-style-type: none"> • Hafnar uppbyggilegri gagnrýni  | <ul style="list-style-type: none"> • Lærir af gagnrýni  |
| <p>Líklegur til að klára fljótt og nær minni árangri en efni standa til</p> | <p>Fer stöðugt fram.</p> |

(Dweck , 2000. Tafla 2,1)

- Óttinn við að gera mistök er mjög hamlandi í námi, þess vegna þurfa nemendur að læra að mistök séu eðlilegur hluti náms, sem ekki þarf að skammast sín fyrir

Mistök

Heilinn



- Nemendur læra að heilinn virkar á svipaðan hátt og vöðvi. Ef hann er notaður þá eflist hann, annars ekki
- Nemendur vita að þegar þeir læra eitthvað nýtt þá verða til nýjar taugatengingar í heilanum á þeim

- Þegar börn fá ekki tækifæri til að takast á við áskoranir læra þau ekki að leysa vandamál eins vel og nauðsynlegt er. Þau læra ekki að treysta á sig sjálf, sem hefur áhrif á sjálftraust þeirra.
- Börn sem fá ekki að takast á við eigin mistök geta þróað með sér ótta við að gera mistök og að valda öðrum vonbrigðum.
- Uppeldisaðferðir af þessum toga geta leitt til þunglyndis og kvíða (Chris Meno)

(Í Ken Robinson og Aronica, 2018)

Börn
þroskast af
því að
takast á við
áskoranir

- Nemendur fá nýja námsfélaga, venjulega á viku fresti. Námsfélagar, tveir og tveir, eru valdir tilviljanakennt og eru sessunautar
- Hlutverk námsfélaga er að ræða saman um námið, að skipuleggja saman og að auka þannig í sameiningu gæði náms hvors annars
- Nemendur fá þjálfun í því að vera námsfélagar og vinna eftir viðmiðum sem þeir hafa tekið þátt í að skilgreina

Námsfélagar
stuðla að því
að nemendur
hugsi um það
sem þeir eru
að læra

Áhrif námsfélaga m.a.:

- Þátttaka nemenda verður meiri og færri nemendur eru óvirkir
- Hlutfall munnlegs náms eykst um leið og dregur út skriflegum verkefnum
- Nemendur sem hafa lítil tæk á íslensku fá fleiri tækifæri til að læra með því að hlusta
- Málfar allra þroskast og orðaforði eykst

- **Framh:**

- Hugsunin um námið verður markvissari
- Það dregur úr kynjamun í námsárangri
- Nemendur standa betur saman
- Það dregur úr einelti og neikvæðum samskiptum
- Nemendur sem hafa verið félagslega einangraðir ná betri tengslum við hópinn

(Shirley Clarke, 2012)

- Kennari ber fram spurningu
- Nemendur fá tíma til að hugsa um spurninguna og oft ræða þeir hana við námsfélaga sinn
- Kennari dregur tilviljanakennt nafn nemenda sem svarar
- Nemandinn getur óskað eftir að hringja í vin eða að spyrja salinn

Engar hendur upp

Eykur líkurnar á því að allir nemendur hugsi um námið og að þeir læri hverjir af öðrum

Hrósum

Rannsóknir Carol Dweck og fleiri hafa sýnt að það hvernig við hrósum börnum getur haft mikil áhrif á þau. Í hrósinu felast skilaboð um hvað okkur finnst vera mikilvægt. Hrósum því einkum fyrir það sem börnin hafa á valdi sínu

| Ekki hrósa fyrir | Hrósaðu fyrir |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hæfileika Gáfur Að vera fljótur að klára Að gera allt rétt án þess að þurfa að hafa fyrir því | Framfarir Að leggja sig fram Að læra af mistökum Að nota hjálparaðferðir (t.d. spurðu vin, reyndu, líttu í kring um þig, skoðaðu bókina) Að takast á við áskoranir |

Besta gjöfin sem foreldrar geta gefið börnum sínum er að kenna þeim að fagna áskorunum, líta á mistök sem ögranir, njóta þess að takast á við verkefni og halda áfram að læra. Þannig komast börnin þeirra hjá því að verða þrælar hróss. Þau munu öðlast trú á eigin getu og færni sem endist þeim alla æfi til að vinna með sjálfstraust sitt

Carol Dweck

- Nemendur vita hvað þeir eiga að læra ekki aðeins hvað þeir eiga að gera
- Oft taka nemendur þátt í að ákveða árangursviðmið
- Námið snýst um hæfni
- Dýpt ekki hraði (að skilja ekki bara að klára)

Nemendur
vita hvað
þeir eiga að
læra og
hvernig

Endurgjöf

- Munnleg endurgjöf sem hjálpar nemendum til að auka framfarir sínar meðan þeir vinna
- Endurgjöfin er veitt út frá námsmarkmiðum og árangrusviðmiðum
- Endurgjöfin er veitt af kennara, af námsfélaga eða sem sjálfsmat
- Markmiðið er að nemendur geti metið eigin framfarir og sjálfir ákveðið næstu skref
- Nemendur fá þjálfun í að veita og nýta endurgjöf
- Á Youtube myndbandinu Austin's Butterfly: Models, Critique, and Descriptive Feedback má sjá hvernig endurgjöf stuðlar að framförum nemenda.
https://www.youtube.com/watch?v=E_6PskE3zfQ



Hlutdeild foreldra

- Foreldrar ættu að vita hvar barn þeirra er stadd í náminu, hvert það er að fara og hvernig skólinn styður það

Þegar barnið
kemur heim
úr skólanum
ætti að
spyrja...

Hvað lærðir þú í skólanum í dag?

Í stað þess að spyrja hvað gerðir þú í skólanum í dag?

Orðæðan breytist

- Foreldrar geta átt vona á því að orðræða barna þeirra breytist, þau geta t.d. farið að nota orð eða setningar eins og **djúpköfun, ég get þetta ekki enn þá, spurningaskeljar, að hringja í vin, miðjumat og námsvöðvar**
- Biðjið börnin ykkar um að útskýra fyrir ykkur eða sendið fyrirspurn til kennarans

Við viljum...

- byggja starf okkar á virtum og viðurkenndum rannsóknum
- stuðla að námsmenningu þar sem ríkir traust og samkennd. Þar sem nemendum finnst nám vera áhugavert og mikilvægt og allir hafa trú á eigin getu og upplifa framfarir í námi sínu.

Hvers vegna viljum við byggja upp leiðsagnarnám í skólanum?

Nokkur þekkt nöfn að baki rannsóknum og þróunar á leiðsagnarnámi

Dylan Wiliam, Paul Black, John Hattie,
Carol Dweck og Shirley Clarke



MED VON UM GOTT SAMSTARF